

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/14/EB

2008/EES/73/26

frá 11. maí 2005

um breytingu á tilskipunum ráðsins 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB að því er varðar ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja (ökutækjatrýggingar) er sérstaklega mikilvæg fyrir evrópska ríkisborgara hvort sem þeir eru tryggingartakar eða hafa lent í slysum. Hún hefur líka mikla þýðingu fyrir váttryggingafélög vegna þess að hún er mikilvægur þáttur í starfsemi skaðatryggingafélaga í Bandalaginu. Ökutækjatrýggingar hafa einnig áhrif á frjálsa för fólks og ökutækja. Það skal því vera höfuðmarkmið Bandalagsaðgerða á sviði fjármálaþjónustu að styrkja og sameina innri markaðinn í ökutækjatrýggingum.

2) Þegar hafa orðið mjög mikilvægar framfarir í þessu tilliti með tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð ⁽⁴⁾, með annarri tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾, með þriðju tilskipun ráðsins 90/232/EBE frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum ⁽⁶⁾ og með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (fjórða tilskipunin um ökutækjatrýggingar) ⁽⁷⁾.

3) Uppfæra þarf og bæta kerfi Bandalagsins um ökutækjatrýggingar. Þessi þörf hefur verið staðfest að höfðu samráði við atvinnulíf, neytendur og félagasamtök fórnarlamba umferðaslysa.

4) Til þess að útiloka hugsanlegar mistúlkanir á ákvæðum tilskipunar 72/166/EBE og til að auðvelda það að fá tryggingavernd fyrir ökutæki með tímabundin skráningarmerki skal skilgreiningin á yferráðsvæðinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett vísa til yferráðsvæðis þess ríkis sem er tilgreint á skráningarmerki ökutækisins, óháð því hvort merkið er varanlegt eða til bráðabirgða.

5) Í samræmi við tilskipun 72/166/EBE eru ökutæki, sem eru með fölsuð eða ólögleg merki, að öllu jöfnu talin vera staðsett á yferráðsvæði þess aðildarríkis sem gaf út upphaflegu merkin. Þessi regla þýðir oft að landsskrifstofur bifreiðatrygginga eru skuldbundnar til að bregðast við fjárhagslegum afleiðingum slysa sem eru ekki að neinu leyti tengd því aðildarríki þar sem skrifstofurnar eru. Ákveða skal sérstaka reglu um slys

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 387.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 95, 23.4.2003, bls. 45.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2003 (Stjtið. ESB C 82 E, 1.4.2004, bls. 297), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og afstaða Evrópuþingsins frá 12. janúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 18. apríl 2005.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 84/5/EBE (Stjtið. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE (Stjtið. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65.

sem eru af völdum ökutækja sem hafa ekki skráningarmerki eða eru með skráningarmerki sem samsvarar ekki eða samsvarar ekki lengur ökutækinu án þess að hún breyti almennu viðmiðuninni um skráningarmerki sem ákvarðar yferráðasvæðið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett. Í slíku tilviki og ef eini tilgangurinn er að gera upp bótakröfuna skal litið á yferráðasvæðið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett sem yferráðasvæðið þar sem slysið varð.

- 6) Til að auðvelda túlkun og beitingu hugtaksins „slembiathuganir“ í tilskipun 72/166/EBE skal skýra nánar ákvæðið sem um ræðir. Bann við kerfisbundnu eftirliti með ökutækjatrýggingum skal gilda um ökutæki sem eru að öllu jöfnu staðsett á yferráðasvæði annars aðildarríkis og einnig um ökutæki sem eru að öllu jöfnu staðsett á yferráðasvæði þriðja lands við heimkomu frá yferráðasvæði annars aðildarríkis. Einungis má heimila ókerfisbundið eftirlit sem felur ekki í sér mismunun og fer fram sem þáttur í eftirliti sem miðast ekki eingöngu við tryggingareftirlit.

- 7) Ákvæði a-liðar 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE heimila að aðildarríki veiti undanþágu frá almennu skuldbindingunni um lögboðnar váttryggingar að því er varðar ökutæki í eigu tiltekinna einstaklinga eða lögaðila, sem er annaðhvort opinber aðili eða einkaaðili. Að því er varðar slys sem slík ökutæki valda skal aðildarríki, sem veitir slíka undanþágu, tilnefna yfirvald eða stofnun sem sér um að bæta skaða fórnarlamba slysa í öðru aðildarríki. Til þess að tryggja að tilhlýðilegar bætur séu greiddar, ekki eingöngu til fórnarlamba slysa af völdum þessara ökutækja í öðrum löndum heldur einnig til þeirra sem eru fórnarlömb slysa í sama aðildarríki og ökutækið er að öllu jöfnu staðsett, hvort heldur þeir eru búsettir á yferráðasvæði þess eða ekki, skal gera breytingar á fyrrnefndri grein. Enn fremur skulu aðildarríki tryggja að skrá yfir aðila, sem eru undanþegnir lögboðnum tryggingum, og yfirvöld eða stofnanir, sem bera ábyrgð á bótum til fórnarlamba slysa af völdum slíkra ökutækja, sé send framkvæmdastjórninni til birtingar.

- 8) Ákvæði b-liðar 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE heimila að aðildarríki veiti undanþágu frá almennu skuldbindingunni um að hafa lögboðnar váttryggingar þegar um er að ræða tilteknar gerðir ökutækja eða tiltekin ökutæki sem merkt eru með sérstöku merki. Í því tilviki er hinum aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að gildu, grænu skírteini eða vottorði um váttryggingasamning, sem gildir yfir landamæri, sé framvísað við komu á yferráðasvæði þeirra til þess að tryggja að þeim sem lenda í slysum séu veittar bætur vegna hvers kyns slysa sem þessi ökutæki gætu valdið á yferráðasvæðum þeirra. Á hinn bóginn þýðir afnám landamæraeftirlits innan Bandalagsins það að ekki er mögulegt að tryggja að ökutæki, sem fara yfir landamæri, séu tryggð og þess vegna er ekki lengur hægt að ábyrgjast bætur til fórnarlamba slysa sem valdið er

erlendis. Enn fremur skal einnig tryggja að tilhlýðilegar bætur séu veittar ekki einungis fórnarlömbum slysa af völdum þessara ökutækja erlendis heldur einnig í því aðildarríki þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett. Í þessu skyni skulu aðildarríki fara með fórnarlömb slysa af völdum þessara ökutækja á sama hátt og fórnarlömb slysa af völdum ótryggðra ökutækja. Eins og kveðið er á um í tilskipun 84/57/EBE skulu bætur til fórnarlamba slysa af völdum ótryggðra ökutækja greiddar af tjónauppgjörstofnun í því aðildarríki þar sem slysið varð. Þegar fórnarlömbum slysa af völdum ökutækja, sem falla undir þessa undanþágu, eru greiddar bætur skal tjónauppgjörstofnunin eiga kröfu á tjónauppgjörstofnun í því aðildarríki þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett. Eftir fimm ára tímabil frá gildistökudegi þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, í ljósi þeirrar reynslu sem orðin er af framkvæmd og beitingu þessarar undanþágu, leggja fram tillögur um að skipta henni út eða fella hana úr gildi. Einnig skal fella brott samsvarandi ákvæði í tilskipun 2000/26/EB.

- 9) Í því skyni að skýra nánar gildissvið tilskipananna um ökutækjatrýggingar í samræmi við 299. gr. sáttmálaus skal fella niður tilvísun til yferráðasvæða aðildarríkanna utan Evrópu í 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 72/166/EBE.

- 10) Skuldbindingar aðildarríkja um að ábyrgjast tryggingavernd, a.m.k. að því er varðar tilteknar lágmarksfjárhæðir, er mikilvægur þáttur í því að tryggja vernd fórnarlamba slysa. Lágmarksfjárhæðirnar, sem kveðið er á um í tilskipun 84/57/EBE, skulu því ekki einungis uppfærðar m.t.t. verðbólgu heldur einnig hækkaðar að raunvirði til að auka vernd fórnarlamba slysa. Reikna skal lágmarksfjárhæð slysatryggingar þannig að öllum þeim sem verða fyrir alvarlegu líkamstjóni séu tryggðar fullar og sanngjarnar bætur en um leið skal taka tillit til lágrar tíðni slysa þar sem fórnarlömb er nokkur í einu og lítills fjölda slysa þar sem nokkur fórnarlömb verða fyrir alvarlegum meiðslum þegar um er að ræða einn og sama atburðinn. Lágmarksstryggingarfjárhæð, sem nemur 1 000 000 evra á hvert fórnarlamb eða 5 000 000 evra á hverja kröfu, óháð því hver fjöldi fórnarlamba er, er sanngjörn og viðeigandi fjárhæð. Til að auðvelda að þessar lágmarksfjárhæðir verði teknar upp skal fastsetja fimm ára aðlögunartímabil frá þeim degi sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda. Aðildarríki skulu hækka fjárhæðir sínar í a.m.k. helming þessara fjárhæða innan 30 mánaða frá framkvæmdardegi.

- 11) Í því skyni að tryggja að lágmarkstryggingarfjárhæð rýrni ekki með tímanum skal innleiða reglubundið endurskoðunarákvæði og nota sem viðmiðun evrópska vísitölu neysluverðs (EICP), sem Hagstofa Evrópubandalaganna birtir, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs⁽¹⁾. Nauðsynlegt er að fastsetja verklagsreglur um slíka endurskoðun.
- 12) Samkvæmt tilskipun 84/5/EBE er aðildarríkjunum heimilt, til þess að koma í veg fyrir svik, að takmarka eða útiloka greiðslur frá tjónauppgjörsstofnun ef um er að ræða skemmd á eign af völdum óþekkts ökutækis, en ákvæði hennar geta í sumum tilvikum komið í veg fyrir réttmætar bætur til tjónþola. Sá möguleiki að takmarka eða útiloka bætur á þeim grundvelli að ökutækið sé óþekkt skal ekki gilda ef stofnunin hefur greitt bætur vegna verulegs líkamstjóns til einhvers fórnarlamb sama slyss þar sem eignatjón varð. Aðildarríki geta kveðið á um sjálfsábyrgð þess sem fyrir eignartjóninu varð upp að því marki sem sett er fram í fyrrgreindri tilskipun. Ákvarða skal í innlendri löggjöf eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkisins þar sem slysið verður við hvaða aðstæður líkamstjón telst verulegt. Þegar þessar aðstæður eru ákvarðaðar getur aðildarríki m.a. tekið tillit til þess hvort þörf hafi verið á aðhlyningu á sjúkrahúsi vegna meiðslanna.
- 13) Eins og sakir standa geta aðildarríkin, samkvæmt heimildarákvæði í tilskipun 84/5/EBE, heimilað sjálfsábyrgð tjónþola upp að tilteknum efri mörkum, þegar um er að ræða eignatjón af völdum ótryggðra ökutækja. Þessi möguleiki dregur úr vernd tjónþola á óréttmætan hátt og skapar mismunun gagnvart tjónþolum annarra slysa. Því skal ekki lengur heimila þennan möguleika.
- 14) Breyta skal annarri tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en lífttrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur⁽²⁾ í því skyni að heimila útibúum váttryggingafélaga að verða fulltrúar í starfsemi á sviði ökutækjatrýgginga eins og þegar er orðið að því er varðar aðra váttryggingaþjónustu en ökutækja-tryggingar.
- 15) Það að tryggingaverndin nær til allra farþega í ökutækinu er mikilvægur árangur sem náðst hefur með gildandi löggjöf. Þessu markmiði yrði stefnt í hættu ef innlend löggjöf eða eitthvert samningsákvæði í váttryggingasamningi undanskildi farþega frá tryggingavernd sökum þess að þeir vissu eða hefðu átt að vita að ökumaður ökutækisins hefði verið undir áhrifum áfengis eða einhvers annars vímugjafa þegar slysið varð. Farþeginn er yfirleitt ekki í aðstöðu til að meta rétt í hve mikilli vímu ökumaðurinn er. Því markmiði að aftra einstaklingum frá því að aka undir áhrifum vímuefna verður ekki náð með því að minnka tryggingavernd farþega sem eru fórnarlömb slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Trygging þessara farþega, samkvæmt lögbundinni tryggingu vélknúinna ökutækja, hefur ekki áhrif á skuldbindingu sem þeir gætu stofnað til samkvæmt gildandi innlendri löggjöf eða á skaðabótastig í tilteknu slysi.
- 16) Líkamstjón og eignatjón, sem gangandi vegfarendur, hjólréidamenn eða aðrir sem fara um veginn án þess að nota vélknúin ökutæki verða fyrir og eru oftast veikasti hlekkurinn í slysinu, skulu njóta verndar lögbundinnar tryggingar þess ökutækis sem á hlut að máli í slysinu ef viðkomandi eiga rétt á bótum samkvæmt innlendum einkamálarétti. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á einkaréttarábyrgð eða skaðabótastig í tilteknu slysi samkvæmt innlendri löggjöf.
- 17) Sum váttryggingafélög fella inn í váttryggingasamninga sína ákvæði þess efnis að samningurinn falli úr gildi ef ökutækið er utan aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð um lengri tíma en tiltekið er. Þessi venja stríðir gegn meginreglunni sem sett er fram í tilskipun 90/232/EBE en samkvæmt henni skal lögbodin ökutækjatrýgging ná til alls yfirráðasvæðis Bandalagsins á grundvelli eins iðgjalds. Það skal því tilgreint sérstaklega að tryggingaverndin skuli gilda allan samningstímamann óháð því hvort ökutækið er um kyrrt í öðru aðildarríki í tiltekinn tíma með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt innlendri löggjöf í aðildarríkinu að því er varðar skráningu ökutækja.
- 18) Gera skal ráðstafanir til að auðvelda það að fá tryggingu fyrir ökutæki sem eru flutt frá einu aðildarríki inn til annars jafnvel þótt ökutækið sé ekki skráð í viðtökuaðildarríkinu. Gefa skal kost á bráðabirgðaundanþágu frá almennu reglunni sem ákvarðar í hvaða aðildarríki áhættan liggur. Í 30 daga frá þeim degi sem ökutækið er afhent, er tiltækt eða sent til kaupandans skal líta svo á að viðtökuaðildarríkið sé það aðildarríki þar sem áhættan liggur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

⁽²⁾ Stjtið. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/26/EB.

19) Sérhverjum einstaklingi, sem óskar eftir því að gera nýjan samning um ökutækjatrýggingu við annan váttrygginganda, skal vera kleift að færa sönnur á slysa- og bótasögu sína samkvæmt gamla samningnum. Tryggingartakinn skal eiga rétt á því að fara hvenær sem er fram á yfirlýsingu varðandi kröfur eða að engar kröfur hafi komið fram, í tengslum við ökutækið eða ökutækin sem tryggingarsamningurinn nær til a.m.k. fimm næstliðin ár sem samningsbundin tengsl hafa varað. Váttryggingarfélagið eða annar aðili, sem aðildarríki kann að hafa tilnefnt til að veita lögboðna tryggingu eða til að gefa slíkar yfirlýsingar, skal gefa tryggingartaka slíka yfirlýsingu innan 15 daga frá því að beiðni berst.

20) Til að tryggja tjónþolum úr slysum á vélknúnum ökutækjum tilhlýðilega vernd skulu aðildarríki ekki heimila váttryggingafélögum að reiða sig á sjálfsábyrgð gagnvart tjónþola.

21) Rétturinn til að skírskota til váttryggingasamningsins og gera beina kröfu á váttryggingafélagið er afar mikilvægur í tengslum við vernd tjónþola í slysum vélknúinna ökutækja. Með tilskipun 2000/26/EB er förnarlömbum slysa, sem verða í öðru aðildarríki en aðildarríkinu þar sem tjónþolinn hefur aðsetur og þau hafa orðið af völdum váttryggðra ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki, veittur réttur til beina kröfu sinni beint til váttryggingafélagsins sem aðilinn, sem ber ábyrgð á slysinu, er ábyrgðartryggður hjá. Til að auðvelda skilvirkt og skjótt tjónauppgjör og forðast eins og unnt er kostnaðarsaman málarekstur skal þessi réttur rýmkaður þannig að hann nái til tjónþola úr hvers konar slysi vélknúinna ökutækja.

22) Til að auka vernd tjónþola úr slysum vélknúinna ökutækja skal rýmka málsmeðferðina við „rökstudda boðið“ sem kveðið er á um í tilskipun 2000/26/EB þannig að hún nái til allra slysa vélknúinna ökutækja. Þessi sama málsmeðferð skal einnig gilda að breyttu breytanda ef farið er með slysið samkvæmt kerfi landsskrifstofa bifreiðatrygginga sem kveðið er á um í tilskipun 72/166/EBE.

23) Til að auðvelda tjónþolanum að fara fram á bætur skulu upplýsingamiðstöðvarnar, sem komið er á fót í samræmi við tilskipun 2000/26/EB, ekki einungis veita upplýsingar um þau slys sem sú tilskipun fjallar um heldur skal henni einnig gert kleift að veita sams konar upplýsingar um hvers konar slys vélknúinna ökutækja.

24) Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 11. gr. sem túlkuð eru í tengslum við b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ⁽¹⁾ geta tjónþolar hafið málarekstur vegna einkaréttarábyrgðar váttryggingaveitandans í því aðildarríki þar sem þeir eru með lögheimili.

25) Þar eð tilskipun 2000/26/EB var samþykkt fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 44/2001 sem kom í stað Brussel-samningsins frá 27. september 1968 um sama efni fyrir nokkur aðildarríki skal aðlaga tilvísun til þessa samnings í tilskipuninni eftir því sem við á.

26) Því ber að breyta tilskipunum ráðsins 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 72/166/EBE

Tilskipun 72/166/EBE skal breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi::

„—yfirráðasvæði þess ríkis þaðan sem skráningamerkið á ökutækinu er frá, óháð því hvort merkið er varanlegt eða til bráðabirgða eða“.

b) eftirfarandi liður bætist við:

„—í þeim tilvikum að ökutæki er ekki með neitt skráningamerki eða er með skráningamerki, sem samsvarar ekki eða samsvarar ekki lengur ökutækinu sem lent hefur í slysi, yfirráðasvæði ríkisins þar sem slysið varð þegar um er að ræða uppgjör bótakröfu eins og kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun eða í 4. mgr. 1. gr. í annari tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (*),

(*) Stjtið. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17.“

(¹) Stjtið. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2245/2004 (Stjtið. ESB L 381, 28.12.2004, bls. 10).

2. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett á yfirráðasvæði þriðja lands þegar þau koma inn á yfirráðasvæði þeirra frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Þau geta þó haft ókerfisbundið eftirlit með tryggingum að því tilskildu að það feli ekki í sér mismun og að það fari fram sem liður í eftirliti sem miðar ekki eingöngu að því að staðfesta að tryggingar séu fyrir hendi.“

3. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) annar undirliður í a-lið:

i) í stað fyrsta málslíðar komi eftirfarandi:

„Aðildarríki, sem veitir slíka undanþágu, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bætur sé greiddar vegna hvers konar tjóns eða meiðsla sem verða á yfirráðasvæði þess og á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja af völdum ökutækja sem eru í eigu þessara aðila.“

ii) í stað síðasta málslíðar komi eftirfarandi:

„Það skal senda framkvæmdastjórninni skrá yfir aðila sem eru undanþegnir lögboðnum tryggingum og hvaða yfirvöld eða stofnanir eru ábyrgar fyrir bótum. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána.“

b) í b-lið komi eftirfarandi í stað annarrar undirgreinar:

„Í slíku tilviki skulu aðildarríkin tryggja að farið sé með ökutæki sem getið er í fyrsta undirliði þessa liðar á sama hátt og ökutæki sem ekki uppfylla tryggingarkvöðina sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. Tjónauppgjörstofnun þess aðildarríkis þar sem slysið varð skal þá hafa kröfu á hendur ábyrgðarsjóðunum sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. í tilskipun 84/5/EBE í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett.“

Að loknu fimm ára tímabili eftir gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB frá 11. maí 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (*) skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd og hagnýta beitingu þessa liðar. Framkvæmdastjórnin skal, þegar hún hefur lokið athugun á þessum skýrslum, leggja fram tillögur um endurnýjun eða niðurfellingu á þessari undanþágu, eftir því sem við á.

(*) Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14.“

4. Í 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. skal fella brott „eða yfirráðasvæði aðildarríkis utan Evrópu“.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 84/5/EBE

Í stað 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE komi eftirfarandi:

„1. gr.“

1. Skytt er að vátrygging sem um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 72/166/EBE nái bæði til eignatjóns og líkamstjóns.

2. Aðildarríki skulu gera vátryggingar lögboðnar, a.m.k. að því er varðar eftirfarandi fjárhæðir með fyrirvara um að aðildarríki geta kveðið á um hærri fjárhæðir:

a) sé um að ræða líkamstjón, 1 000 000 evrur fyrir hvern tjónþola eða 5 000 000 evrur fyrir hverja kröfu óháð fjölda tjónþola,

b) sé um að ræða eignatjón, 1 000 000 evrur fyrir hverja kröfu, óháð fjölda tjónþola.

Ef nauðsynlegt þykir geta aðildarríkin ákvarðað aðlögunartímabil í allt að fimm ár eftir dagsetningu framkvæmdar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB frá 11. maí 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (*) til að laga lágmarkstryggingarfjárhæð þeirra að fjárhæðunum sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

Aðildarríki, sem koma á slíku aðlögunartímabili, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það og tilgreina hve langt aðlögunartímabilið er.

Aðildarríki skulu auka tryggingar í a.m.k. helming þess sem kveðið er á um í þessari málsgrein innan 30 mánaða frá þeim degi sem tilskipun 2005/14/EB kemur til framkvæmda.

3. Á fimm ára fresti eftir gildistöku tilskipunar 2005/14/EB eða við lok aðlögunartímabilsins sem um getur í 2. mgr. skal endurskoða fjárhæðirnar sem um getur í þeirri málsgrein í samræmi við evrópska vísitölu neysliverðs (EICP), eins og fram kemur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysliverðs (**).

Fjárhæðirnar skulu aðlagðar sjálfkrafa. Slíkar fjárhæðir skulu hækkaðar um þann hundraðshluta sem tilgreindur er í evrópskri vísitölu neysluverðs (EICP) fyrir viðeigandi tímabil, þ.e. næstu fimm ár fyrir endurskoðun, og námundaðar að næsta margfeldi af 10 000 evrum.

Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar um aðlöguðu fjárhæðirnar til Evrópuþingsins og ráðsins og skal tryggja birtingu þeirra í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Hvert aðildarríki skal koma á fót eða veita leyfi stofnun til að annast bótagreiðslur, a.m.k. upp að mörkum tryggingarkvæðar fyrir eignatjón eða líkamstjón af völdum óþekktis ökutækis eða ökutækis þar sem trygginga-skuldbindingunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., hefur ekki verið fullnægt.

Fyrsta undirgreinin skerðir hvorki rétt aðildarríkis til að meta hvort bætur stofnunarinnar teljist fullnaðarbætur né til að setja ákvæði um tjónauppgjör milli stofnunarinnar og þess eða þeirra sem báru ábyrgð á slysinu og annarra váttryggjenda eða almannatryggingastofnana sem eiga að greiða fórnarlambinu bætur vegna sama slyss. Aðildarríki mega þó ekki veita stofnun heimild til þess að setja skilyrði fyrir greiðslu bóta til fórnarlambinsins að það geti sýnt fram á að sá sem ber skaðabótaábyrgð sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.

5. Fórnarlambið getur undir öllum kringumstæðum snúið sér beint til stofnunarinnar sem, á grundvelli upplýsinga sem fórnarlambið lét henni í té að fenginni beiðni, ber skylda til að veita fórnarlambinu rökstutt svar varðandi bótagreiðslur. Aðildarríki geta hins vegar útilokað bótagreiðslur frá þeirri stofnun að því er varðar einstaklinga sem fóru sjálfviljugir upp í ökutækið, sem olli skaðanum eða tjóninu, þegar stofnunin getur sýnt fram á að þeir hafi vitað að það var ótryggt.

6. Aðildarríki geta takmarkað eða útilokað bótagreiðslur frá stofnuninni ef um er að ræða eignatjón af völdum óþekktis ökutækis.

Aðildarríki geta hins vegar ekki útilokað bótagreiðslur fyrir eignatjón á grundvelli þess að ökutæki sé óþekkt ef stofnunin hefur greitt bótagreiðslur fyrir verulegt líkamstjón hjá einhverju fórnarlambi sama slyss þar sem eignatjón orsakaðist af óþekktu ökutæki. Aðildarríki geta kveðið á um mest 500 evra sjálfásbyrgð þess sem fyrir eignatjóninu varð.

Ákvarða skal, í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar eða stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkisins þar sem slysið verður, við hvaða aðstæður líkamstjón er talið verulegt. Að þessu leyti getur aðildarríki m.a. tekið tillit til þess hvort þörf hafi verið á aðhlýnningu á sjúkrahúsi vegna meiðslanna.

7. Sérhvert aðildarríki skal beita sínum lögum og stjórnsýslufyrirmælum við borgun bótagreiðslna frá stofnuninni, með fyrirvara um aðrar aðferðir sem eru hagstæðari fyrir fórnarlambið.

(*) Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14.

(**) Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).“

3. gr.

Breyting á tilskipun 88/357/EBE

Annar málsliður fjórðu undirgreinar 4. mgr. 12. gr. a í tilskipun 88/357/EBE falli brott.

4. gr.

Breytingar á tilskipun 90/232/EBE

Tilskipun 90/232/EBE skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á milli fyrstu og annarrar málsgreinar í 1. gr.:

„Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hvert lagaákvæði eða samningsákvæði, sem er í tryggingarsamningi sem undanskilur farþega frá tryggingavernd á þeim grundvelli að hann vissi eða hefði átt að vita að ökumaður ökutækisins var undir áhrifum áfengis eða einhvers annars vímuefna þegar slysið varð, skuli teljast ógild að því er varðar bótakröfur slíks farþega.“

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. a

Váttryggingin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 72/166/EBE, skal ná til líkamstjóns og eignatjóns sem gangandi vegfarendur, reiðhjólamaður eða aðrir sem fara um vegina án þess að nota vélknúin ökutæki verða fyrir vegna slyss sem vélknúin ökutæki á hlut að máli og eiga þeir rétt á bótum samkvæmt innlendum einkamálarétti. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um einkaréttarábyrgð eða umfang skaðabóta.“

3. Í stað fyrstu undirgreinar 2. gr. komi eftirfarandi:

„— nær til alls yfirráðasvæðis Bandalagsins, á grundvelli eins iðgjalds og allan samningstímann, þ.m.t. hvert það tímabil sem ökutækið er um kyrrt í öðrum aðildarríkjum á samningstímanum og“.

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir annan undirlið d-liðar 2. mgr. í tilskipun 88/357/EBE (*) skal litið svo á þegar ökutæki er sent frá einu aðildarríki til annars að aðildarríkið, þar sem áhættan liggur, teljist viðtökuaðildarríki um leið og kaupandi samþykkir viðtöku sendingar um 30 daga skeið, jafnvel þótt ökutækið hafi ekki verið skráð formlega í viðtökuaðildarríkinu.

2. Ef slys verður, sem ökutækið á þátt í á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar þegar það er ótryggt, skal sá aðili í viðtökuaðildarríkinu, sem um getur í 4. mgr. 1. gr. í tilskipun 84/5/EBE, bera ábyrgð á bótum sem kveðið er á um í 1. gr. fyrrnefndrar tilskipunar.

4. gr. b

Aðildarríkin skulu tryggja að tryggingartakinn eigi rétt á því að fara hvenær sem er fram á yfirlýsingu varðandi bótaábyrgðarkröfu þriðja aðila í tengslum við ökutækið eða ökutækin sem falla undir tryggingarsamninginn a.m.k. fimm næstliðin ár sem samningsbundin tengsl hafa varað, eða að slík krafa hafi ekki verið lögð fram. Vátryggingarfélagið eða annar aðili, sem aðildarríki kann að hafa tilnefnt til að veita lögboðna tryggingu eða til að gefa slíkar yfirlýsingar, skal afhenda tryggingartaka slíka yfirlýsingu innan 15 daga frá því að beiðni berst.

4. gr. c

Vátryggingafélög skulu ekki reiða sig á sjálfsábyrgð gagnvart tjónþola í slysi að því er varðar vátryggingar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 72/166/EBE.

4. gr. d

Aðildarríkin skulu tryggja að tjónþolar í slysi sem hlýst af ökutæki sem fellur undir tryggingu, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 72/166/EBE, eigi rétt á að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélagsins sem aðilinn, sem ber ábyrgð á slysinu, er ábyrgðartryggður hjá

4. gr. e

Aðildarríkin skulu ákveða málsmeðferðina sem kveðið er á um í 6. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/26/EB (**)

tjónauppgjör vegna hvers kyns slysa sem hljóttast af ökutæki sem fellur undir tryggingu eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 72/166/EBE.

Þegar um ræðir slys, sem unnt er að gera upp í kerfi landsskrifstofu bifreiðatrygginga sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 72/166/EBE, skulu aðildarríkin beita sömu málsmeðferð og kveðið er á um í 6. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/26/EB. Að því er varðar beitingu þessarar málsmeðferðar skal litið á allar tilvísanir í vátryggingarfélag sem tilvísun í landsskrifstofu bifreiðatrygginga eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. gr. í tilskipun 72/166/EBE.

(*) Önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur (Stjtið. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB (Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (fjórða tilskipunin um ökutækjatrýggingar) (Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“

5. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um skyldur samkvæmt tilskipun 200/26/EB skulu aðildarríkin tryggja að upplýsingamiðstöðvar, sem er komið á fót eða eru samþykktar í samræmi við 5. gr. þeirrar tilskipunar, veiti þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í þeirri grein, hverjum þeim aðila sem á aðild að umferðaslysi sem hlýst af ökutæki sem fellur undir tryggingu eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 72/166/EBE.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 2000/26/EB

Tilskipun 2000/26/EB skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi forsenda bætist við sem 16. forsenda a:

„16a) Samkvæmt 2. mgr. 11. gr., sem túlkuð er í tengslum við b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómssvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum (*), geta tjónþolar hafið málarekstur á sviði einkaréttarábyrgðar gegn vátryggingaveitandanum í því aðildarríki þar sem þeir eru með lögheimili.

(*) Stjtið. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2245/2004 (Stjtið. ESB L 381, 28.12.2004, bls. 10).“

2. Í stað 8. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„8. Tilnefning tjónauppgjörfulltrúa skal ekki í sjálfu sér teljast opnun útibús í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE og tjónauppgjörfulltrúi skal ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE eða:

- starfsstöð í skilningi Brussel-samningsins frá 27. september 1968 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum (*)
- að því er varðar Danmörk,
- starfsstöð í skilningi reglugerðar (EB) nr. 44/2001
- að því er varðar önnur aðildarríki.

(*) Stjtið. EB C 27, 26.1.1998, bls. 1 (samsteypt skjal).“

3. Ákvæði ii. liðar 2. liðar í a-lið 1. mgr. 5. gr. falli brott.

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Miðlæg stofnun

Aðildarríkin skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til þess að greiða fyrir því að grunngögn, sem nauðsynleg eru vegna tjónauppgjör, séu tiltæk í tæka tíð fyrir fórnarlömbin, váttryggjendur þeirra eða lögskipaðra fulltrúa þeirra.

Þar sem við á skulu grunngögnin vera aðgengileg á rafrænu formi í miðlægu gagnasafni í hverju aðildarríki fyrir sig og aðgengileg aðilum sem eiga aðild að málinu, fari þeir þess eindregið á leit.“

6. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 11. júní 2007 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin mega, í samræmi við sáttmálann, viðhalda eða samþykkja ákvæði sem eru hagstæðari fyrir tjónþola en ákvæðin sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

8. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. maí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. P. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.